

8. - 10.
bekkur

Fjöldi
12+

45
mín.

Tölum um fordóma

Í þessu verkefni er notast við fiskabúrsumræður til að kanna fordóma í garð ákveðinna hópa í þjóðfélaginu ásamt því að styrkja þátttakendur til að hugsa gagnrýnið um viðhorf og mynda sér skoðun á móti hatursorðræðu.

Þema	Kynþáttafordómar og mismunun, miðlalæsi.
Aldur	8. – 10. bekkur.
Stærð hóps	12+ einstaklingar.
Tími	45 mínútur.
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Að endurspegla persónulega fordóma og neikvætt viðhorf gagnvart staðalímyndum ákveðinna hópa.• Þróa rökræður og kanna svör við hatursáróðri á netinu.• Að auka skilning og þróa samúð í garð hópa sem oft eru misskildir í þjóðfélaginu.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none">• 3 stólar.• Svæði fyrir nemendur til að sitja í hring.• Bútar af blaði og skriffæri.• Lítill kassi.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none">• Klipptu niður 2 búta af blaði fyrir hvern þátttakanda í verkefninu, en hafðu nokkra aukalega.• Ef einhver í hópnum tilheyrir þessum staðalímyndahópum sem ræða skal um getur verið gott að taka hann afsíðis áður en verkefnið hefst og útskýra verkefnið fyrir honum.• Það getur verið hentugt að undirbúa svör um almenn álitamál eða misskilning sem getur komið upp.

Kennsluleiðbeiningar

1. Búðu til nokkrar staðhæfingar og skrifaðu þær upp á töfluna með yfirskriftinni: Sannar fullyrðingar. Fáðu nemendur til að lesa þær yfir og hugleiða.
 - a. „Samkynhneigð er sjúkdómur sem hægt er að lækna.“
 - b. „Ef allir innflytjendur færu aftur til síns heimalands væri næga vinnu að hafa fyrir alla hér í landinu.“
 - c. „Stelpur eru lélegri í tölvuleikjum en strákar.“
 - d. „Rannsóknir sýna að fólk í Evrópu er með minni heila en fólk í Asíu.“
2. Fáðu þátttakendur til að segja sína skoðun. Eftir nokkur svör lætur þú vita að allar þessar staðhæfingar séu uppspuni. Hver staðhæfing er í raun fölsk. Fáðu þátttakendur til að segja sína skoðun aftur og kannaðu hvers vegna þeir trúðu þessum staðhæfingum í upphafi (ef sú var raunin).
3. Útskýrðu að stór hluti af hatursorðræðu á netinu stafi af fáfræði. Margir hafa ákveðna skoðun eða eru aldir upp við að trúa hlutum um ákveðna hópa sem þeir hafa jafnvel ekki kynnst. Þessar skoðanir geta jafnvel verið ákveðnar út frá einum einstaklingi sem tilheyrir þessum hópi. Þegar þessar skoðanir fá að vera afskiptalausar í langan tíma, verða þær fljótt samþykktar sem staðreyndir. Við getum gleymt því að þetta var bara skoðun einstaklings eða lygi og förum að trúa þessum staðreyndum sjálf.
4. Útskýrðu að í verkefninu verði farið yfir nokkrar neikvæðar „staðreyndir“ eða staðhæfingar/álit um ákveðna hópa sem hafa verið samþykkt(ar) í þjóðfélaginu. Þátttakendur eiga að koma með rök sem afsanna algengar staðhæfingar með því að nýta vitneskju hópsins og umræðu. Gott er að líta á þetta sem tækifæri til að öðlast aukinn skilning og deila vitneskju til að leysa vandamál.
5. Láttu alla í hópnum fá 2 búta af blaði, geymdu afganginn og láttu þátttakendur vita að ef þeir vilji fá fleiri blöð þá sé það hægt. Fáðu þátttakendur til að skrifa niður neikvæðar staðhæfingar sem eiga við ákveðna hópa í þjóðfélaginu sem þeir vilja ræða. Engar takmarkanir eru á því hversu margar staðhæfingar hver og einn má skrifa.
6. Mikilvægt er að þátttakendur viti að þeir þurfi ekki að trúa staðhæfingunum sjálfir. Þetta mega vera staðhæfingar sem þeir hafa heyrt og með því að setja þær fram heyra þeir sjónarmið annarra. Engin nöfn eiga að vera á miðunum og þegar búið er að skrifa á þá er þeim safnað í kassa.
7. Komdu stólunum þremur fyrir í miðjunni og fáðu alla til að sitja í kringum stólana í stórum hring. Útskýrðu fyrir þátttakendum að þeir sem setjist á stólana hafi rétt á að leggja eitthvað til málanna í umræðuna. Fáðu því næst þrjá þátttakendur til að setjast á

stólana og hefja umræðuna. Ef einhver vill koma inn í umræðuna stendur hann á fætur og potar í öxlina á einum af þessum þremur sem sitja í miðjunni og þeir skipta um stað.

8. Þú skalt hvetja þátttakendur til að gefa sitt eigið álit á málefnum sem eru til umræðu. Særandi ummæli í garð aðila sem tilheyrir ákveðnum hópi eru ekki leyfileg.
9. Einn bútur með staðhæfingu er dreginn upp úr kassanum. Þátttakendur sem sitja á stólunum hefja umræðuna. Umræðan heldur áfram þangað til lítið er orðið um innlegg í hana, þá er skipt um aðila sem sitja á stólunum og hefja þeir næstu umræður. Gott er að gefa hverri umræðu nægan tíma til að klárast, en á sama tíma er mikilvægt að komast yfir fleiri en eitt tilfelli/dæmi.

Samantekt

Notaðu eftirfarandi spurningar til að fá nemendur til að hugleiða hvort verkefnið hafi breytt skoðun þeirra.

- Hefur einhver uppgötvað eitthvað sem hann vissi ekki áður en verkefnið hófst?
- Hefur álit ykkar á einhverjum hópi fólks breyst við þessar umræður?
- Hvernig gætuð þið lent í svipaðri umræðu á netinu? Hvað væri líkt? Hvað væri ólíkt í umræðunum?
- Hvað getið þið gert ef þið eruð í vafa um eitthvert viðhorf sem þið heyrðið.

Ábendingar fyrir leiðbeinendur

- Mikilvægt er að vera vakandi fyrir mismunandi uppbyggingu hópa. Þátttakendur þurfa að hafa í huga, að sumir eru næmari en aðrir og hafa jafnvel tengsl við ákveðna hópa.
- Komið geta upp athugasemdir sem þátttakendur og þú getið ekki svarað. Skrifaðu athugasemdirnar niður og leitaðu að svörum eftir tímann. Láttu nemendur vita og ræddu við þá þegar þú hefur fundið svarið..
- Mikilvægt er að halda umræðunum opnum og að þátttakendur finni að þeir geti tjáð skoðanir sínar, en á sama tíma þarf að passa að umræðurnar verði ekki óréttlátar endurtekningar á neikvæðum staðalímyndum.